


Haraldur Birgir haraldsson,
Skipulags- og byggingarfræðingur
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2014
Tilvísun: UST20131100148/ksj

Tillaga að deiliskipulagi landspildu í Hallstúni í Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi spildu í Hallstúni í Rangárþingi ytra. Tillaga að deiliskipulagi nær yfir 3 ha af 14,9 ha spildu í Hallstúni, og tekur til byggingarreita fyrir tvö frístundahús auk byggingarreits fyrir skemmu.

Byggingar

Á byggingarreitum frístundahúsa er heimilt að byggja allt að 150 fermetra hús og 50 fermetra gestahús og er hæsta mænishæð 6 metra yfir jarðvegi. Á reit fyrir skemmu er leyfilegt að byggja allt að 100 fermetra skemmu og getur mænishæð einnig verið 6metrar.

Svæðið sem spildan er staðsett á er ekki á svæði á náttúruminjaskrá og þar eru ekki náttúruminjar er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur